

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Friðbirni Björnssyni, löggiltum endurskoðanda, og Garðari Garðarssyni lögmanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda, Sigurði Ágústssyni h.f., kr. 106.967.35 ásamt 31% ársvöxtum frá 1.5. 1980 til 1.6. s.á., en 46% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1981, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en 39% ársvöxtum frá þ.d. til uppsögu dómsins, og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags.

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda kr. 18.000.- í málskostnað, allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1984.

Nr. 184/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Ingva Kristjánssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Líkamsmeiðingar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 24. ágúst 1983. Af hálfu ákærvalds var krafist þyngingar refsingar og ökuleyfissviptingar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, er atburður sá varð, sem ákært er út af, ekið með um 60 km hraða. Af framburði hans, sem studd-

ur er öðrum gögnum, er ljóst, að mikil hálka var á akbrautinni. Miðað við þær aðstæður, sem voru á árekstrarstað, var 60 km hraði á klukkustund fyrir ofan þau mörk, sem byggt er á í hinum tilvitnuðu ákvæðum 49. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, þrátt fyrir góðan búnað bifreiðar ákærða. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn þeim ákvæðum, svo sem þau eru greind í ákæru.

Um aðra óvarkárni ákærða er fjallað í héraðsdómi, og má fallast á sakarmat héraðsdómara um það ákæruatriði og heimfærslu til 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ekki verður í efa dregið, að stjórnleysi ákærða á bifreið sinni, sem stafaði af framangreindum umferðarlagabrotum hans, hafi verið frumorsök árekstarar þess, sem ákært er út af, en í honum hlaut Alfreð Sigurjónsson líkamsáverka og Svanur Laurence Herbertsson meiðsli, sem leiddu hann brátt til bana.

Telja verður framangreint mannlát og líkamsáverka beinar afleiðingar af umferðarlagabrotum þeim, sem ákærði er sakfelldur fyrir. Líkamsáverka þá, sem Alfreð Sigurjónsson hlaut, verður að telja þeirrar tegundar, sem fjallað er um í 1. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að sakfella ákærða fyrir brot gegn 215. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánast með 12 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur.

Dráttur á uppsögu dóms í héraði í 3½ mánuð frá dómtöku er vítaverður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fjárhæð sektar verði 10.000.00 krónur og vararefsing 12 daga varðhald, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. apríl er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík af Guðmundi Kristjánssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1736/1982: Ákærvaldið gegn Ólafi Ingva Kristjánssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 20. október sl. og dómtekið 30. desember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 29. september sl., á hendur Ólafi Ingva Kristjánssyni, vélvirkja, Vesturgötu 36, Keflavík, fæddum 3. júní 1933 í Ytri-Njarðvík, fyrir að hafa, „fimmtudaginn 7. janúar 1982, ekið bifreiðinni Ö-430, í myrkri og hálfu suður Reykjanesbraut án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni og hún rakst framan á bifreiðina R-17385, sem á móti kom. Farþegi í þeirri bifreið, Svanur Laurence Herbertsson, fæddur 27. nóvember 1950, hlaut þann áverka, að megin hryggæð rifnaði og blóð fossaði inn í brjósthol hans og hann lést nær samstundis. Alfreð Sigurjónsson, ökumaður bifreiðarinnar, fæddur 24. september 1955 hlaut opið brot á hnéskel.

Telst þetta varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og b- og i-liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur samkv. sakavottorði ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 7. janúar 1982, kl. 19.00, varð árekstur með bifreiðunum Ö-430 og R-17385 á Reykjanesbraut móts við Álverið í Straumsvík. Þeið annar farþeganna í R-17385, Svanur Laurence Herbertsson, f. 27. 11. 1950, bana við áreksturinn og ökumaður hennar, Alfreð Sigurjónsson, hlaut opið brot á h-hnéskel. Í lögregluskýrslu segir, að mjög mikil hálka hafi verið á brautinni.

Samkvæmt gögnum málsins var staða bifreiðanna eftir áreksturinn þannig, að Ö-430 var á öfugum vegarhellingi miðað við akstur Stefnu og lá jaðar steypu brautarinnar undir miðri bifreiðinni endilangri. R-17385

sneri svo til þvert á brautinni á réttum vegarhelmingi miðað við akstursstefnu. Stutt tildregið far eftir h-afturhjól Ö-430, sýnir, að bifreiðin hefur við áreksturinn ýst afturábak og á ská í átt að vegarbrúninni.

Ákærði var ökumaður bifreiðarinnar Ö-430, Saab 900 GLs, árgerð 1981. Í lögregluskýrslu er haft eftir honum, að hann hafi verið á suðurleið og móts við Álverið, misst bifreið sína út af steypu akbrautinni og niður á malarkantinn, en um 10 cm. hæðarmismunur hafi verið þarna á milli. Við tilraun til að ná bifreiðinni inn á brautina aftur, hafi hún snúist inn á veginn og í veg fyrir hina bifreiðina, sem var af Lada gerð og kom að sunnan. Eftir ökumanni R-17385, Alfreð Sigurjónssyni, er haft, að hann hafi séð, hvað verða vildi. Hafi hann ætlað að færa bifreið sína yfir á v-vegarhelming og hemlað, en rétt í því hafi orðið hörkuárekstur.

Báðar bifreiðarnar skemmdust mjög mikið og urðu óaksturshæfar. Við skoðun á þeim kom ekkert fram um, að þeim hefði verið áfátt í einhverju fyrir áreksturinn. Báðar voru þær á negldum snjóhjólbörðum.

Í réttarkröfningskýrslu segir, að meginhryggæð Svans heitins hafi verið rifin um þvert og blóð fossað inn í brjósthól með þeim afleiðingum, að hann muni hafa látist nær samstundis.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að hann hafi ekið á eðlilegum umferðarhraða. Móts við Álverið hafi hann einhverra hluta vegna misst bifreiðina út af steypu brautinni á malarkantinn. Hafi hann sveigt bifreiðinni til vinstri og náð henni inn á veginn aftur. Jafnframt sá hann, að mótkomandi bifreið nálgædist mikið og hefði hún farið að snúast inn á veginn eins og henni væri hemlað. Var hans bifreið þá aðeins á ská inn á veginn, þar sem hann var ekki búinn að rétta hana af. Hugsaði hann sér í fyrstu að reyna að sveigja henni út af hægra megin, en sá að það var ekki tímabært og ætlaði að reyna að sveigja henni út af vinstra megin en í því hafi áreksturinn orðið. Kvað hann áreksturinn sennilega hafa orðið á miðri akbrautinni. Eftir hann kvað hann ökumann hinnar bifreiðarinnar hafa sagt sér að hann hefði hemlað bifreiðinni og hún þá farið að snúast og líklega hefði hann ekki átt að gera það.

Í lok lögregluskýrslunnar kvaðst ákærði vilja taka það fram, að hann geti ekki fullyrt neitt um staðsetningu bifreiðanna, þegar áreksturinn varð, en taldi líklegt, að hann hefði orðið frekar á vegarhelmingi mótaðila síns en sínum.

Fyrir dómi sagði ákærði, að h-afturhjól bifreiðarinnar hefði farið út í brún steypu brautarinnar og einhvern veginn kraflað utan í hana. Við það hefði bifreiðin skyndilega skotist inn á brautina og yfir á öfugan vegarhelming. Hann hafi verið kominn yfir á sinn vegarhelming aftur með v-hjól bifreiðarinnar við miðlínu brautarinnar, þegar hann kom, að hann taldi inn í sjónsvið ökumanns hinnar bifreiðarinnar. Hafi sá ökumaður beygt yfir

á öfugan vegarhelming og kvaðst ákærði þá hafa gripið til þess ráðs að aka einnig yfir á öfugan vegarhelming. Þá hafi ökumaður hinnar bifreiðarinnar ekið yfir á sinn rétta vegarhelming og áreksturinn orðið. Eftir áreksturinn hefði ökumaðurinn haft uppi þau ummæli, sem ákærði nefnir í lög-regluskýrslunni.

Ákærði kvaðst ekki hafa misst bifreið sína út af steyptu akbrautinni, þ.e. h-hjól hennar og því hafi ekki verið um það að ræða, að hann hefði verið að ná bifreiðinni inn á brautina aftur. Atvik hefðu hins vegar orðið eins og hann hefði hér lýst og ítrekaði hann, að bifreið sín hefði skotist inn á veginn eins og hendi væri veifað. Akbrautin hefði verið fljúgandi hál í umrætt sinn.

Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirallaður og hafi ekkert truflað sig við aksturinn.

Ökumaður bifreiðarinnar R-17385, Alfreð Sigurjónsson, kvaðst hafa séð bifreið ákærða koma á móti sér, er hann var rétt kominn framhjá afleggjaranum að Álverinu. Hafi hún snúið u.þ.b. 45° á ská á akbrautinni með framendann inn á hans vegarhelming. Kvaðst hann hafa ætlað að forða árekstri með því að hemla og hugsanlega reynt að sveigja yfir á öfugan vegarhelming, en í sömu mund hafi áreksturinn orðið. Ekki hafi bifreið sín þá verið á öfugum vegarhelmingi.

Alfreð kvaðst hafa haldið í fyrstu, að Ö-430 væri lengra í burtu en raun varð á. Hann sagðist hafa ekið á 60-70 km/klst. hraða í umrætt sinn. Hann kvað þá Svan hvorugan hafa verið með spennnt öryggisbelti.

Vitnið Kristinn Sigurjónsson var farþegi í R-17385 og sat í aftursæti hennar. Hann kvaðst ekki hafa fylgst neitt sérstaklega með akstrinum, en sá, er bifreiðin Ö-430 kom á móti þeim, á ská á veginum, og í því hefði áreksturinn orðið.

Vitnið Hörður Kristinsson var að koma frá Álverinu og ók út á Reykjanesbrautina, þegar R-17385 hafði farið framhjá. Hann kvaðst hafa séð Saab bifreiðina koma á móti, snúast inn á brautina yfir á öfugan vegarhelming og bifreiðarnar skella saman. Vitnið kvaðst hafa verið í 30-40 metra fjarlægð frá R-17385. Hann kvaðst hafa ekið upp að bifreiðunum og strax séð, að maður var meðvitundarlaus í framsæti R-17385.

Vitnið Brynjar Sigurðsson fór á slystað á sjúkrabifreið Álversins samkvæmt beiðni þar um. Hann kvað, að í framsæti bifreiðarinnar R-17385 hefði setið maður og verið greinilega látinn. Ekki hefði hann verið með spennnt öryggisbelti. Hann kvað brautina hafa verið mjög hála í umrætt sinn. Í sama streng tók vitnið Hjörtur Ingólfsson, sem ók sjúkrabifreiðinni í umrætt sinn.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði. Telur hann

ósannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn. Bendir hann á, að ákærði hafi ekið stöðugri og vel búinni bifreið og sé 60 km/klst. hraði hvorki óeðlilegur né óhæfilegur á Reykjanesbraut, jafnvel þótt myrkur sé og hálka. Telur hann viðbrögð ákærða eftir að bifreið hans hafði farið út í brún steyptu akbrautarinnar varla aðfinnsluverð.

Verjandi ákærða segir og, að verði ákærði talinn hafa sýnt af sér refsivert gáleysi, telji hann engu að síður skylt að sýkna hann af hegningarlagabrotunum, vegna þess hversu fjarlæg afleiðing þau eru af akstri ákærða. Ekki hafi það verið aksturslag ákærða, sem olli bana Svans og meiðslum Alfreðs, heldur vanræksla þeirra sjálfra á að nota öryggisbelti R-17385, svo sem lögskylt sé. Telur hann nær öruggt, að hefðu þeir notað öryggisbelti, myndu þeir hafa sloppið lítið meiddir. Hafi þeir þarna ekki gert eðlilegar varúðarráðstafanir og sé varla tækt að láta ákærða gjalda fyrir það.

Engin örugg vísbending er komin fram um, hvar bifreiðarnar voru staðsettar á veginum, er áreksturinn varð. Áður raktir framburðir benda þó til þess, að bifreiðin Ö-430 hafi þá verið á öfugum vegarhelmingi, a.m.k. að einhverju leyti, og er þetta stutt af ljósmyndum og vettvangsupprætti. Hvað sem þessu líður þykir hins vegar ljóst, að orsaka árekstursins er að finna í aksturslagi ákærða. Hvort sem bifreið hans fór út í brautarjaðarinn eða út af honum, varð það til þess, að hann missti stjórn á henni í flughálku og var ekki búinn að ná henni að fullu aftur, þegar áreksturinn varð. Stjórnleysi bifreiðarinnar Ö-430 sem rekja verður til óvarkárni ákærða, hefur komið öllum R-17385 í opna skjöldu og breyta viðbrögð hans í engu sök ákærða.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði er sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru og varðar hún við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. 1., 2. og b- og i-liði 3. mgr. 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Ekki breytir það neinu um refsiverða háttsemi ákærða, þó að ökumaður R-17385 og hinn látni hafi hvorugur verið með spennt öryggisbelti, svo sem lögskylt er.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18.000.- króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 30 daga varðhaldi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði þykir hafa unnið til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umferðarlaga og telst hún hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar þ.m.t. laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Vilhjálmssonar hdl., kr. 5.500.-.

Dómsuppsagan hefur dregist vegna starfsanna dómarsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Ingvi Kristjánsson greiði 18.000.- króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með 30 daga varðhaldi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar þ.m.t. laun skipaðs verjanda síns, Vilhálms Vilhjálmssonar hdl., kr. 5. 500.-.
